



Upplýsingar til fjölmiðla
frá skrifstofu forseta Íslands

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands verða afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum á morgun, fimmtudaginn 10. febrúar klukkan 11:00.

Markmið verðlaunanna er að heiðra námsmenn sem unnið hafa framúrskarandi starf við úrlausn verkefna sem styrkt eru af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Sex öndvegisverkefni eru tilnefnd til verðlaunanna í ár:

- Betri gjörgæslumeðferð með gagnasjá
- Kennsluefni í kynja- og hinseginfræði
- Krakkakropp
- Matjurtarækt utandyra fram á vetur
- Stelpur diffra
- Stýring ljósvörpu við rækjuveiðar

Nánari upplýsingar um hvert verkefni má finna í fylgiskjali og á [vef Rannsóknamiðstöðvar Íslands](#) – Rannís.

Fréttamönnum og ljósmyndurum er boðið að vera viðstaddir athöfnina. Vegna gildandi takmarkana á samkomum er fjölmiðlafólk vinsamlegast beðið um að **tilkynna komu sína fyrir fram til skrifstofu forseta**, eigi síðar en kl. 9:30 á morgun, fimmtudaginn 10. febrúar.

Að lokinni verðlaunaafhendingu verður sköpuð aðstaða á Bessastöðum til að fréttamenn geti rætt við verðlaunahafa. Ljósmyndir af verðlaunahöfum til afnota fyrir fjölmiðla verða aðgengilegar á vef forsetaembættisins að lokinni athöfn.

9. febrúar 2022

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Una Sighvatsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu forseta Íslands (895 8885), og Rakel Jónsdóttir hjá Rannsóknamiðstöð Íslands – Rannís (515 5823).